

Föstudaginn 24. júní 1988.

Nr. 187/1988. Ákærvaldið

gegn

Sæmundi Sæmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní sl. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldstími verði stytur verulega.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn kærði úrskurður er byggður á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Eins og málavöxtum er háttað þykir því skilyrði þessa töluliðs ekki fullnægt að ætla megi, að brot sökunauts varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Ber af þessum sökum að fella hinn kærða úrskurð sjálfkrafa úr gildi.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða málvarnarlaun skipaðs verjanda kærða.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði málvarnarlaun skipaðs verjanda, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Sakadómur Hafnarfjarðar 19. júní 1988.

Árið 1988, sunnudaginn 19. júní er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með skriflegri kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins dags. í dag er gerð krafa um að Sæmundur Sæmundsson, Sléttahrauni 34, Hafnarfirði, fæddur 12. apríl 1950 á Þórshöfn á Langanesi, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. júlí 1988 kl. 17:00 vegna meints brots hans á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og er krafan byggð á 4. tl. 1. mgr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt dagsins í dag um kl. 05:50 hafði X, 33 ára að aldri, komið á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kært nauðgun. Hafði hún eftir að hafa kynnst kærða í málinu lítilega á veitingastaðnum Hollywood, þar sem m.a. þau dónsuðu nokkuð marga dansa, farið með honum heim, og kvað hún hann hafa gefið henni til kynna að þar væri samkvæmi. Eftir að hún kom inn í íbúð kærða hafði hún séð að þar var ekkert fólk og ekkert samkvæmi. Hún hafði sest í sófa í stofunni og fengið sér vindling að reykja. Fljótlega eftir það hafi kærði ráðist á hana í sófanum og kvaðst hún hafa veitt mótspyrnu og reynt að brenna hann með vindlingnum, klóra hann og bíta. Þá sagðist hún og hafa hrópað á hjálp, en þá hafi hann gripið fyrir munn hennar og hugsanlega kverkar svo að hún hafi kennt andþrengsla og orðið mjög óttaslegin. Kærður hafði haldið áfram þrátt fyrir mótspyrnu konunnar og kvaðst hún hafa hætt að öskra, en reynt að sparka frá sér og með því reynt að koma í veg fyrir, að honum tækist að koma fram vilja sínum. Meðan á þessum átökum stóð hafði kærði náð að afklæða sjálfan sig og færa hana úr utanyfirbuxum og nærbuxum, þannig að skyndilega áttaði hún sig á því að hún var nakin að neðanverðu. Hún hafði verið nýbyrjuð að hafa á klæðum og kvaðst hafa sagt honum frá því ef það gæti komið í veg fyrir áform hans, en það engu breytt, heldur hann haldið áfram, komið kynlim sínum inn í kynfæri hennar og haft við hana kynmök og var hún þess nokkuð viss að hann felldi til hennar sæði. Hún kvað hann svo hafa reynt að hafa aftur við hana mök, en hætt við. Þau höfðu svo klæðst og farið út og kærði fylgt henni eftir og á leiðinni niður stigaganginn hafði hann komið í veg fyrir að hún hringdi dyrabjöllum á næstu íbúðum. En eftir að út úr húsinu var komið hafði hún komist undan honum og til fólks sem var þar hjá í bifreið, en kærði hafði haldið aftur inn í húsið.

Konan var færð til Andrésar Ásmundssonar kvensjúkdómalæknis, sem skoðaði hana. Í vottorði hans kemur fram, að hún er með marbletti, sem styðja frásögn hennar um að hún hafi verið beitt ofbeldi. Einnig studdi skoðun hans á kynfærum konunnar frásögn hennar um, að kærði hefði komið kynlim sínum inn í þau.

Kærður hefur viðurkennt að hafa þvingað konuna til samræðis við sig, beitt hana valdi til að svipta hana klæðum að neðanverðu jafnframt því sem hann hafi haldið um munn hennar og tekið um kverkar hennar til að koma í veg fyrir að hún kallaði á aðstoð. Hann kvað hana hafa verið á móti því að hann hefði við hana kynmök, en honum samt tekist að hafa við hana fullkomnar samfarir og er framburður hans í megindráttum í samræmi við framburð konunnar.

Mál þetta er því að mestu upplýst og er krafan byggð á því hversu alvarlegt meint brot kærða sé, þ.e. að það geti varðað að minnsta kosti tveggja

ára fangelsi og með visun til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 sé því heimilt að beita kærða gæsluvarðhaldi. Þá er og vísað til 1. gr. laga nr. 31, 1988 um að brot sem þetta skuli hafa forgang fram yfir önnur refsilagabrot hvað varðar rannsókn, ákæru og dómsmeðferð og er fram komið, að stefna eigi að því að ljúka lögreglurannsókninni, fá útgefna ákæru og koma málinu í dómsmeðferð á gæsluvarðhaldstímanum.

Þegar greint brot kærða er virt með tilliti til hugsanlegrar refsingar og miðað við það sem fyrir liggur um aðstæður allar þykir ekki verða útilokað, að refsing vegna þessa brots gæti orðið 2 ára fangelsi og er því krafa RLR tekin til greina og kærður samkvæmt heimild í framangreindu ákvæði laga nr. 74, 1974 úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 20. júní nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærður, Sæmundur Sæmundsson, Sléttahrauni 34, Hafnarfirði, f. 12/4 1950, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 20. júlí 1988 kl. 17:00.